

Leikið og lært í Laugardal

Útinám barna



Skýrsla um þróunarverkefni Laugaborgar og Sunnuborgar
2008-2010

Helga Alexandersdóttir
Hrefna Sigurðardóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Tilurð	2
Markmið	3
Framkvæmd	3
Vinnan með yngri börnunum	6
Vinnan með eldri börnunum	7
Samstarf	8
Samantekt yfir verkefni og verksvið í Leikið og lært í Laugardal:	9
Fræðsla til starfsmanna.....	10
Fundir starfsfólks og samvinna	10
Niðurstöður úr mati	11
Upplifun barnanna.....	12
Eldri börnin	12
Yngri börnin.....	14
Niðurstöður.....	15
Samantekt	15

Inngangur

Umhverfismál og heilbrigðir lífshættir koma til með að skipta miklu máli hjá komandi kynslóðum og nú þegar er talað um að börn hreyfi sig of lítið. Með þetta í huga kviknaði hugmyndin að útikennsluverkefninu *Leikið og lært í Laugardal*. Markmið verkefnisins var að börnin fengju tækifæri til að læra að njóta helsta útivistarsvæðis hverfisins, umgangast náttúruna, styrkja líkamann og fá fjölbreyttara námsumhverfi. Útikennsla er stund sem kennarinn skipuleggur með ákveðið markmið í huga, stund sem hefur fasta umgjörð, með ákveðnu upphafi og endi. Útikennsla og útinám er hið sama, en í leikskólunum Laugaborg og Sunnuborg er okkur tamara að tala um útinám. Útinám er viðbót við það nám sem fer fram innan veggja skólanna og í frjálssa leiknum í útiveru barnanna. Í markvissu útinámi reynir á öll skynfæri barnanna og þau læra samtímis með huga og líkama.

Tilurð

Leikskólarnir Laugaborg og Sunnuborg eiga það sameiginlegt að vera fjögurra deilda leikskólar byggðir sem dagheimili, Laugaborgin árið 1966 og Sunnuborgin 1970. Stórar lóðir eru við leikskólana, en í hvorugum leikskólanum er salur eða stórt alrými. Leikskólarnir eru í sitt hvorum enda jaðars Laugardalshverfis og liggur því sjálfur Laugardalsgarðurinn mitt á milli þeirra.

Hautið 2007 þegar auglýst var eftir umsóknum um styrki úr þróunarsjóði Leikskólasviðs var staðan í báðum leikskólunum þannig að megin hluti starfsmanna hafði unnið lengi saman og tiltölulega hátt hlutfall fagmanna var í báðum leikskólunum. Í starfsmannahópnum var áhugi fyrir að takast á við ögrandi verkefni og þróast áfram í starfi. Auglýsingin um styrki til nýjungar í útivist og útinámi barna ýtti við okkur og þar með fór boltinn af stað.

Útivera og vettvangsferðir hafa verið fastir liðir í starfi beggja leikskólanna og lítum við á þetta verkefni sem tækifæri til að nýta bæði ferðir og útivist á markvissari og meðvitaðri hátt.

Markvisst útinám hafði verið stundað í báðum skólunum. Í Laugaborg var í mörg ár farið í markvissar vettvangsferðir og unnið með umhverfismennt. en Báðir leikskólarnir höfðu undanfarin ár starfrækt „útideild“ með elstu börnunum í fimm til sex vikur á hverju sumri. Hugmyndina að því að leiða leikskólana tvo saman í verkefnið átti Kolbrún Vigfúsdóttir þróunarfulltrúi á Leikskólasviði Reykjavíkur. Verkefnastjórar voru leikskólastjórnir Helga Alexandersdóttir í Laugaborg og Hrefna Sigurðardóttir í Sunnuborg.

Með tilliti til staðsetningar leikskólanna var horft til Laugardalsins og fengum við, ásamt Kolbrúnu Vigfúsdóttur, þær Helenu Óladóttur, verkefnastjóra Náttúruskóla Reykjavíkur, Evu G. Þorvaldsdóttur, forstöðumann Grasagarðsins og Sigrúnu Helgadóttur, verkefnastjóra hjá Landvernd, til fundar við okkur til að ræða hugmyndir, samstarf og fræðslu.

Þar kom fram að starfsmenn Grasagarðsins höfðu áhuga á að tengjast okkur án þess að vera beinn þátttakandi í verkefninu. Í Grasagarðinum er vinnusvæði sem áformað

hafði verið að skipuleggja og byggja upp sem útikennslusvæði. Vilji var fyrir að leikskólarnir fengju þetta svæði sem heimasvæði. Starfsmenn garðsins vildu nýta sér reynslu af þróunarstarfi leikskólanna tveggja þessi tvö ár sem þróunarverkefnið átti að standa yfir.

Markmið

- Efla umhverfisvitund barna og fullorðinna.
- Styrkja andlega og líkamlega vellíðan barna, sjálfsmynd þeirra og hæfni til samvinnu.
- Gefa börnunum tækifæri til að tengjast náttúrunni svo þau rækti með sér væntumþykju og skilning á henni.
- Tengja leikskólastarfið við grenndarsamfélagið
- Byggja upp lærdómssamfélag leikskólanna og Grasagarðsins út frá ofantöldum markmiðum



Framkvæmd

Verkefnið hófst vorið 2008 og var sumarið nýtt til að kanna umhverfið með þróunarverkefnið í huga. Starfsmenn hvors skóla unnu hugmyndavinnu og deildarstjórar hittust síðan í júní og gerðu drög að framkvæmdaáætlun fyrir verkefnið. Í maí hélt Helena Óladóttir námskeið um útikennslu fyrir starfsmenn beggja leikskólanna í Laugardalnum. Starfsmenn beggja leikskólanna hittust einn sumardag á óformlegum fundi á Kaffi Flóru í lok vinnudags til að kynna og ræða þær hugmyndir sem þeir höfðu um verkefnið.

Á starfsdegi í ágúst 2008 var Kolbrún Vigfúsdóttir með fræðslu fyrir alla starfsmenn leikskólanna um skipulag og framkvæmd á þróunarstarfi. Í framhaldi af þeirri fræðslu skipulögðu starfsmenn vinnuna á haustönn.

Á starfsdegi í janúar 2009 var haustönnin metin og vorönnin skipulögð. Þann 2. júní 2009 fór fram mat á vorönn og í kjölfarið var framhaldsnámskeið í útikennslu hjá Helenu Óladóttur.

Sameiginlegur starfsdagur var haldinn í ágúst 2009 þar sem þróunarstarfið var skipulagt fyrir veturinn og annar starfsdagur var í maí 2010 þar sem lokamat fór fram. Haustið 2010 sóttu allir starfsmenn námskeið um sjálfbæra þróun hjá Orra Páli Jóhannssyni og Helenu Óladóttur.

Deildarstjórar funduðu þrisvar með forsvarsmönnum Grasagarðsins. Elstu börnin hafa fengið fræðslu- og leikjastundir í garðinum og sáð fyrir sumarblómum, sem þau huguðu að yfir vorið og fengu síðan með sér til gróðursetningar á leikskólalóðinni þegar tími var kominn til þess.

Verkefnið hófst formlega 1. september 2008.

Það var strax ákveðið í upphafi að allir í leikskólunum yrðu með í þróunarverkefninu, en jafnframt var ljóst að of langt væri að fara með litlu börnin gangandi í hverri viku í Grasagarðinn.

Tvær yngri deildir hvors skóla völdu sér heimasvæði nálægt skóla sínum en tvær eldri fengu heimasvæðið í Grasagarðinum.

Hver deild fór í ferð einu sinni í viku, alltaf á sama degi vikunnar. Í upphafi var ákveðið að mönnun í ferðirnar hefði alltaf forgang innan skólanna og veðrið skyldi ekki vera hindrun.

Hver deild átti sér vinadeild jafnaldra í hinum skólanum sem hún hitti reglulega. Elstu börnin hittust einu sinni í mánuði, næst elstu annan hvern mánuð og yngri árgangar einu sinni til tvisvar á önn.

Auk þess hittust allar vinadeildir í Kaffi Flóru í Grasagarðinum í desember 2008 og 2009.

Allar deildir heimsóttu vinadeild sína að minnsta kosti einu sinni á þeim tveimur árum sem verkefnið stóð yfir.

Vinadeildir sendu hverri annari póst, eldri börnin höfðu póstkassa uppi í tré á heimasvæðinu en hinar deildirnar notuðu póstsamgöngur og fóru sjálf með bréfið í póstkassann. Kennarar notuðu tölvupóst.



Skráningar var stór þáttur í þróunarstarfinu, hver deild hafði myndavél, skráningarbók og tölvu. Myndbandstökuvél er til í báðum skólum.

Auk myndavéla voru tveir bakpokar keyptir á hverja deild í upphafi verkefnisins. Smátt og smátt bættust við hlutir sem nauðsynlegir þóttu til útináms, s.s. stækkunargler, hitabrúsar, plastglös, klemmur og vaxdúkar.

Fljótlega voru útbúnar vinalykkjur, þ.e. fléttuð bönd sem tvö og tvö börn halda saman í og „leiðast“ á göngu. Þetta reyndist góð lausn þegar leiðast þarf með þykka vettlinga á höndum.

Sumar af yngri deildunum festu nokkrar vinalykkjurnar saman á lengri bönd, sem gat komið sér vel þegar litlir fætur voru orðnir þreyttir og börnin fengu þá smá tog á heimleiðinni.

Eldri deildir útbjuggu forystufána og skiptust börnin á að vera forystusauðir, tvö og tvö í einu.



Elstu börnin útbjuggu sessur úr plastpokum úr Cheerioskössum og settu inn í pokana þæfða ull. Sessurnar héldu bæði vætu og kulda frá börnunum þegar þau sátu á jörðinni.

Rætt var um að kaupa síma til að hafa í ferðum, en niðurstaðan varð sú að flestir starfsmenn eru með síma og þótti það duga sem öryggistæki. Símanúmer voru skilin eftir á töflu svo foreldrar gátu hringt og mælt sér mót ef barn mætti eftir að lagt var af stað.

Alltaf var farið með ávexti og/eða heitan „skógardrykk“ á brúsa í nesti.

Allar deildir komu sér upp föstum athöfnum, s.s. að safnast saman á ákveðnum stað, athugun á veðri, stilla upp forystusauðum, finna ferðafélagann, taka með sér brúðuna Dísu, telja fugla á ákveðnum stöðum, telja tjöldin á tjaldsvæðinu í Laugardal, banka uppá hjá Norninni í Nornaskógi, heimsækja tréð eða ákveðna stytta. Hver deild hafði sínar hefðir.



Að fylgjast með árstíðunum og veðrinu var mjög sterkur þáttur í verkefninu. Sem dæmi má nefna að ein deild tók mynd af trénu sínu einu sinni í mánuði og hengdi upp til samanburðar. Önnur deild tók alltaf mynd af Esjunni frá sama staðnum þar sem staldrað var við til að

athuga veðrið. Einnig fylgdist ein deild með ákveðnum polli á leið að heimasvæðinu, sem alltaf var til staðar en misjafn að stærð og stundum jafnvel ísi lagður.

Með reglulegum ferðum út fyrir leikskólalóð æfðust umferðareglurnar og börnin lærðu hvernig rétt er að haga sér sem hópur að heiman.

Vinnan með yngri börnunum

Deildirnar völdu sér heimasvæði nærri leikskólanum. Heimasvæði Laugaborgar var skógur kallaður Ævintýraskógurinn, en heimasvæði Sunnuborgar var óræktað svæði með móa og runnum, kallað Ævintýraland eða Óræktin.

Í fyrstu ferðinni völdu börnin sér tré, merktu það og fylgdust með breytingum sem urðu á því eftir árstíðum.

Gangan að heimasvæðinu og til baka var stór þáttur í ferðunum. Þá var gjarnan stoppað ef eitthvað vakti athygli barnanna eða athygli þeirra var vakin á umhverfisbreytingum sem á vegi þeirra urðu. Oft voru útistundirnar tengdar þemanu sem deildin var að vinna með hverju sinni.

Byrjað var á að heilsa heimasvæðinu, síðan farið með vísu, spjallað, dansað, lesnar sögur eða sungið. Góður tími var gefinn fyrir frjálsan leik og uppgötvun þar sem börnin könnuðu svæðið. Húsdýrabema kom m.a. sérstaklega vel fram í leik á heimasvæðinu, þar sem húsdýrin og stærri dýr fóru á stjá. Einnig hafa ævintýrin sem lesin voru í skóginum lifnað við.

Börnin eru uppsprettan að viðfangsefnum í útinámi. Áhugi þeirra og uppgötvanir voru virkjaðar. Í lok stundarinnar var sest niður, borðaðir ávextir og heimasvæðið síðan kvatt.



Í ævintýraferðunum var fylgst með litabreytingum og fölnun gróðurs á haustin, lauflausum trjám og runnum á veturna, brumi, litabreytingum og skordýrum að lifna við á vorin. Einnig voru skoðaðir könglar, laufblöð, steinar, greinar, rusl, mosi, fuglaskítur og skemmdarverk.

Á heimasvæðunum voru einnig fuglar sem börnin veittu athygli s.s. krummi, skógarpröstur, snjótittlingur og starri. Skordýr voru rannsökuð, s.s. ánamaðkar, hunangsflugur, hoppipöddur (stökkmor), húsflygur og ýmis lítil skordýr.

Í ferðunum var einnig dansað, hlustað eftir hljóðum, búin til hljóðfæri, unnið með tjáningu og unnið með skapandi starf s.s. málað og litað.



Í Laugaborg endaði fyrra árið með útilegu, farið var með tjald á heimasvæðið og tjaldað.

Þriggja ára deildin í Laugaborg fór oftast í Laugardalinn þegar leið á veturinn og heimsótti þá heimasvæðið í Grasagarðinum, ásamt öðrum svæðum í Laugardalnum. Þar var m.a. unnið með skapandi starf til dæmis málað með snjó og fleira.



Ferðirnar voru færðar í dagbók, ýmist á staðnum eða strax og heim var komið. Dagbókin var síðan notuð við skráningar og úrvinnslu. Einnig var hver starfsmaður með blokk þar sem skráðar voru samræður barnanna. Foreldrar höfðu aðgang að skráningabókum.

Vinnan með eldri börnunum

Umgjörð ferðana var nánast alltaf sú sama og hófst heima í leikskólanum þar sem börnin pöruðu sig saman við ferðafélaga. Allir áttu sama ferðafélagann allan veturinn. Ferðafélagarnir áttu að leiðast í gönguferðunum og minna hvorn annan á að virða reglurnar. Þegar kalt var í veðri og börnin höfðu þykkar lúffur var gott að hafa vinalykkjurnar til að leiðast með.

Í upphafi hverrar ferðar var eitt þar útnefnt til að vera forystusauðir. Hlutverk þeirra var að ganga fremst í röðinni og bera fánann sem börnin höfðu búið til í sameiningu. Forystusauðirnir völdu líka leiðina sem farin var í Laugardalinn.

Í Sunnuborg var mjög vinsælt að fara í gegnum leynigöngin eða nornaskóginn eins og börnin kölluðu það, en það eru þétt trjágöng á leiðinni frá Sunnuborg að heimasvæðinu og við enda þeirra er dularfullt hús. Börnin töldu að í húsinu byggji norn þó hún hafi reyndar aldrei verið heima.

Í Laugaborg var eitt af verkefnum að telja og flokka fugla á leiðinni að heimasvæðinu og fylgjast þannig með breytingum hjá þeim eftir árstíðum. Einnig voru tjöldin á tjaldsvæðinu talin á ákveðnum tíma ársins.

Oftast var byrjað á að fara á heimasvæðið. Þar höfðu eldri deildarnar komið sér upp póstkassa sem notaður var til að skiptast á bréfum milli vinadeild. Á heimasvæðinu valdi hver deild sér tré til að fylgjast með allt árið. Tréð var vikulega heimsótt og ræddar þær breytingar sem urðu á því. Við það tilefni var gjarnan rætt um veðrið og stundum var sungið fyrir tréð.

Eftir að hafa komið við á heimasvæðinu byrjaði verkefni dagsins. Stundum voru mjög



skipulögð verkefni eins og að týna laufblöð, skoða fugla, leita að ánamöðkum og köngulóm í moldinni og svo framvegis. Stundum voru verkefni frjálsglegri og af og til tók leikurinn og rannsóknargleði barnanna öll völd og þá var reynt að fylgja hugmyndum þeirra eftir.

Fyrri árið skipulögðu starfsmenn eldri deildanna allar ferðir vetrarins fyrirfram á sameiginlegum starfsdögum. Þar var tekið fyrir m.a. náttúran, fuglarnir, stærðfræði, vindurinn, niðurbrot, náttúruleikir, vasaljós, listsköpun, hljóðgjafar, sögur og ævintýri.

Eftir á að hyggja þótti skipulagið of mikið og ekki nógu sveigjanlegt, en jafnframt var það skemmtilegt og mikill hugur í öllum.



Seinna árið unnu elstu deildirnar með þemu tengd árstíðunum. Árinu var skipt upp í tímabil eftir árstíðum og hverri árstíð tilheyrðu nokkur viðfangsefni sem fylgst var með s.s. fuglar, gróður, veður, smádýr, mannlíf, vatn og fleira. Með því að skoða alla þessa þætti með hliðsjón af árstíðunum töldu starfsmenn sig geta komið inn á öll námssvið leikskólans.



Samstarf

Samstarf leikskólanna var mikið. Elstu börnin hittust einu sinni í mánuði á heimasvæðinu bæði árin. Fyrri árið var ætlunin að vera með skipulögð verkefni fyrir þau, en vegna fjölda barnanna gekk það erfiðlega. Seinna árið var því ákveðið að alltaf skyldi vera frjálsgleikur þegar elstu börnin hittust.

Á næstelstu deildunum var farin önnur leið

seinni veturinn. Þær deildir hittust 2x á hvorri önn og höfðu skipulögð verkefni í smærri hópum. Hvor deild skipti börnunum í fjóra hópa, gulan, rauðan, grænan og bláan. Hópunum var síðan skipt niður á fjögur svæði í Laugardalnum, við Móður jörð, Þvottalaugarnar, heimasvæðið og Orminn. Á hverju svæði voru fyrirfram ákveðin verkefni, s.s. sögustund, smádýraskoðun eða leikir. Sömu börnin skipuðu hvern litahóp allan veturinn og fór hvert þeirra einu sinni yfir veturinn á hvert svæði.

Samstarf eldri deildanna, og þá sérstaklega þeirra elstu við Grasagarðinn hefur verið mjög ánægjulegt. Börnin tóku þátt í haustdagskrá Grasagarðsins og að auki hefur Auður Óskarsdóttir og síðar einnig Hildur Arna Gunnarsdóttir verið starfsfóli innan handar. Þær eru alltaf tilbúnar að koma og fræða börn og starfsmenn. Auk fræðslu hafa þær verið með sögustund í skóginum, listsköpun úr náttúrulegum efnum og kennslu í sáningu blómafræja með elstu börnunum.



Heimasvæðið í Grasagarðinum var aðalviðkomustaður eldri barnanna, en það var farið víðar um Laugardalinn og kynntust börnin honum vel, ýmsum krókum og kimum, styttnum, Þvottalaugunum, Skautahöllinni og Fjölskyldugarðinum. Fjölbreytileiki Laugardalsins var skoðaður og kannaður. Elstu börnin fengu að tjalda á tjaldstæðinu og nota tjöldin sem bækistöð í nokkra daga.



Heima í leikskólunum var síðan reynt að grípa tækifærið og vinna áfram með þau viðfangsefni sem fönguðu athygli barnanna mest. Sem dæmi má nefna gerð fugla úr jarðleir, tré úr pappír með límdu laufblöðum, stórt líkan af Laugardalnum og þæfðar myndir af Laugardalnum.



Í matsviðtölum við elstu börnin haustið 2009 kom fram að þau upplifðu mikið frelsi í Laugardalnum, þeim fannst það skemmtileg upplifun að fara þangað og voru mjög jákvæð gagnvart því.

Samantekt yfir verkefni og verksvið í Leikið og lært í Laugardal:

- Tréð okkar
- Veðurathuganir
- Gróðurinn
- Náttúran
- Laufatínsla
- Fuglaskoðun
- Stærðfræði
- Smádyraskoðun
- Hreyfileikir
- Tónlist og gerð hljóðgjafa
- Náttúruleikir
- Frjáls leikur
- Gerð fuglamatar
- Sáning sumarblóma
- Listsköpun í náttúrunni
- Samstarf og vinskapur leikskólanna
- Samstarf við starfsfólk Grasagarðsins
- Fræðsla og leikir starfsfólks Grasagarðsins
- Læra og virða umgengnisreglur Grasagarðsins
- Umgengni og samskipti við aðra gesti Laugardalsins
- Umgengni og kynni af Grasagarðinum og heimasvæðinu
- Læra á takmörk án girðingar
- Kynnast Laugardalnum
- Stytturarnar
- Þvottalaugarnar og saga þeirra
- Fjölskyldu og húsdýragarðurinn
- Umferðarfræðsla
- Barnamenningarhátíð
- Úrvinnsla
- Gleði og frelsi
- Aukið úthald, þol og þor

Fræðsla til starfsmanna

Nokkrir kennarar sóttu ráðstefnur og heimsóttu leikskóla í Svíþjóð og Danmörku veturinn 2007 til 2008 og báðir skólarnir hafa kynnt sér útikennslu í leikskólanum Ásheimum á Selfossi

Vorið 2008 var sameiginlegt námskeið fyrir starfsmenn Laugaborgar og Sunnuborgar hjá Helenu Óladóttur um hugmyndafræði útináms og síðan verkleg kennsla.

Á starfsdegi í ágúst 2008 fengu allir fræðslu um hvernig vinna við þróunarstarf gengur fyrir sig og haustið var síðan skipulagt í framhaldi af því.

Í júní 2009 var vorönnin metin og framhaldsnámskeið í útikennslu hjá Helenu Óladóttur

Í september 2010 lauk verkefninu á námskeiði í sjálfbærri þróun sem Orri Páll Jóhannsson og Helena Óladóttir sáu um. Var það haldið þar sem báðir skólarnir munu halda áfram með verkefnið, auk þess voru báðir á Grænni grein og stefndu á að flagga Grænfána.

Með samstarfi leikskólanna og samstarfi við Grasagarðinn varð til lærdómssamfélag þar sem mikil þekking varð til.

Fundir starfsfólks og samvinna

Samstarf leikskólanna stóð yfir frá vori 2008 til haustsins 2010. Á þeim tíma hittust allir starfsmenn formlega á sex starfsdögum til að skipuleggja og meta framkvæmdina. Auk þess hittist hópurinn tvisvar óformlega á Kaffi Flóru.

Deildarstjórar og verkefnastjórar funduðu fjórum sinnum með starfsmönnum Grasagarðsins.

Auk þess að kynna verkefnið á foreldrafundum leikskólanna hefur það verið kynnt sex sinnum fyrir utan skólann, á ráðstefnunni Barnið og samfélagið, tvisvar á Stóra leikskóladeginum, á námskeiði hjá Leikskólasviði, fyrir Leikskólaráði og á námskeiði hjá Mími. Nokkrir starfsmanna hafa komið að kynningunni.



Niðurstöður úr mati

Starfsmenn voru mjög ánægðir með verkefnið *Leikið og lært í Laugardal*. Að þeirra mati hefur verkefnið veitt börnunum gleði, aukna umhverfisvitund og áhuga á náttúrunni, aukna þekkingu á kennileitum og nærumhverfinu og aukið úthald og þrek. Börnin hafa lært að gera sér leikfni úr einföldum hlutum í umhverfinu og þau sýna meiri samvinnu og samkennd. Starfsmenn telja enn fremur að sjálfsmynd barnanna hafi styrkst og minna sé um árekstra í útinámi.

Starfsmönnum fannst mikil tilbreyting í að fara af leikskólalóðinni einu sinni í viku og mjög góð viðbót við starf leikskólans. Í byrjun verkefnisins voru starfsmenn frekar óöruggir, en með tímanum fundu þeir að stundirnar í útináminu urðu auðveldari eftir því sem öryggið jókst og hinir fullorönu „þorðu að slaka aðeins á“.

Mest um vert fannst starfsfólki að upplifa gleði, ánægju og vellíðan barnanna í ferðunum.

Samstarf leikskólanna hefur verið mjög gefandi og lærdómsríkt og veitt starfsfólki styrk.

Samstarfið við Grasagarðinn byggðist á aðstöðunni á heimasvæðinu, aðgangi að Laugatungu, húsi í eigu Grasagarðsins og fræðslu til elstu barnanna og starfsmanna. Mikil ánægja var með samstarfið, heimasvæðið og það viðmót sem leikskólabörnin hafa fengið í garðinum. Á lokafundi með starfsmönnum Grasagarðsins lýstu þeir einnig yfir ánægju með reglulega komu leikskólabarnanna í garðinn og að ljóst sé að mörg þeirra hafa kynnt Grasagarðinn fyrir fjölskyldu sinni.



Í lok verkefnisins vorið 2010 var gerð könnun meðal foreldra varðandi verkefnið.

Meirihluti foreldra taldi sig hafa fengið nægjanlegar upplýsingar um verkefnið í gegnum heimasíðu, skráningar og í frásögnum barna og starfsmanna. Mikil ánægja var með skráninguna.

Mikill meirihluti foreldra taldi barnið vera meðvitaðra um náttúru og umhverfi utanhúss og eftir því sem barnið var eldra var meðvitundin meiri

að mati foreldra. Fáir töldu að verkefnið hefði aukið virkni foreldra í náttúruskoðun með barninu

Meirihluti foreldra taldi að orðaforði í tengslum við umhverfi og náttúru hefði aukist. Foreldrar töldu börnin búin að læra mikið um nærumhverfið og náttúruna og kom þekking barnanna á gróðri, trjám og umhverfi sumum þeirra á óvart.

Einnig kom fram að foreldrum fannst frábært fyrir börnin að venjast því að fara hvernig sem viðraði. Nokkrir töluðu um aukið þol og sjálfstraust. Nefnt var í

umsögnum foreldra að áhugi og gleði starfsmanna í verkefninu hefði haft jákvæð áhrif á starfið og börnin

Upplifun barnanna

Rætt var við 12 börn úr elsta hóp í báðum leikskólum og 12 börn í næsta elsta hóp í báðum leikskólum, samtals tóku 48 börn þátt í samræðunni.

Eldri börnin

Börnin í Laugaborg segja að það sé ekki erfitt að labba í Laugardalinn, þau séu svo fljót, börnin í Sunnuborg segja hinsvegar að það sé svolítið langt, þau verði stundum smá þreytt en það sé samt gaman.

Á leiðinni leiðast þau í vinabandi, segja börnin í Laugaborg, af því að þau er vinir og til að tína ekki hinum. Bæði í Laugaborg og Sunnuborg eru forystusauðir sem fara fremstir með fánann þeirra, fáninn er til þess að fólk viti frá hvaða leikskóla þau koma, segja börnin í Laugaborg og börnin í Sunnuborg segja að forystusauðir ráði ferðinni með konunum. Börnin í báðum leikskólunum segja að þau taki með sér nesti og sessur í bakpokunum, þau hafi sjálf búið til sessurnar.



Þegar börnin voru spurð hvað hafi vakið athygli þeirra á leiðinni í Laugardalinn nefna börnin í Sunnuborg skóginn með nornahúsinu, nornin er að vísu aldrei heima, en það eru ýmsar skýringar á því, hún gæti hafa farið eitthvað, verið sofandi eða jafnvel dauð. Börnin í Sunnuborg þekkja líka vel styttuna Móðir jörð, hún heitir það *af því að mamma er að passa litla barnið sitt og við eigum líka að passa jörðina okkar.* Í framhaldi af því sögðu þau frá garðinum hans Ásmundar en þar er gaman að klifra í



styttum og trjám. Börnin sögðu líka frá því að þau sjái krumma oft í Laugardalnum og svo séu líka endur.

Börnin í Laugaborg sögðust æfa sig að telja þegar þau eru á leiðinni í Laugardalinn, þau telja bæði tjöldin á tjaldstæðinu og gæsirnar sem þau sjá á leiðinni. Þau nefndu líka stytur í Laugardalnum en nefndu ekki hvað þær heita.

Börnin voru spurð hvað þeim þætti skemmtilegast að gera í Laugardalnum.

Börnin í Sunnuborg segja að skemmtilegast sé að leika sér frjálst, hlaupa og klifra í trjánnum, þau klifra hátt upp í trén og hafa aldrei dottið. Það er líka gaman að fara í feluleiki og eltingaleiki og mjög gaman að drullumalla í polli.

Börnin í Laugaborg segja líka að skemmtilegast sé að leika sér frjálst saman og klifra, þau klifra líka mjög hátt, en þau megi ekki klifra eins hátt og þau vilja, en þau hafi aldrei dottið niður.

Börnin voru spurð hverjir væri skemmtilegustu staðirnir í Laugardalnum. Bæði börnin í Sunnuborg og Laugaborg segja að heimasvæðið sé skemmtilegt. Þar fara þau í allskonar leiki og þar sé „indíánahúsið“ og „undragöngin“ sem er gaman að leika í. Báðir hópar segja að þau eigi heimasvæðið saman, Laugaborg og Sunnuborg.

Börnin í Sunnuborg útskýrðu hvað heimasvæði er. Það er leiksvæði þar sem tréð þeirra er og þar geti þau klifrað í trjánum, þau nefna einnig að krakkarnir í Laugaborg eigi svæðið með þeim. Þau sögðu frá því að á heimasvæðinu væri vegasalt sem er öðruvísi, það er úr höggnum trjám. Þau leika sér mikið á heimasvæðinu t.d. „skrímsli og allskonar“. Þau segja að það sé gaman að eiga heimasvæði.

Börnin í Laugaborg segja heimasvæðið sé þar sem „undragöngin“ eru, þar hlaupi þau og fari í allskonar leiki, borði nesti og svo hitti þau vini sína í Sunnuborg, fari í Köttur og mús, Babbidi bú og allskonar leiki. „Undragöngin“ eru búin til úr greinum og það voru Auður og Hildur sem vinna í Grasagarðinum sem byrjuðu og „svo fléttuðu krakkarnir í þau“.



Börnin í Laugaborg segja að það sé gaman að leika við Þvottalaugarnar „í gamla daga komu konurnar að þvo þvottinn þar“. Þau klifra þar í trjánum og leika í ræsinu, það er nátttröll í ræsinu eða bara rotta, ekki alveg sammála um það. Þau hoppa ekki ofan í rennuna og maður þarf að passa sig.

Börnunum í Sunnuborg finnst líka gaman að leika í Þvottalaugunum og vita að í gamla daga þvoði fólk þvott þar. Þau fara í ýmsa leiki, t.d. grýluleik og svo finnst þeim gaman að gá hvort vatnið kemur, þau heyra stundum í vatninu.

Börnin í báðum leikskólunum segja að Ormurinn sé skemmtilegur, þar geti þau klifrað og farið í gegn.



Börnin í báðum leikskólunum tala um Grasagarðinn. Börnin í Sunnuborg tala mikið um Auði sem er vinkona þeirra. Hún byrjaði að gera „undragöngin“ og „indíánatjaldið“, hún kenndi þeim að rækta blóm, hún kom í leiki með þeim og kenndi þeim um blómin. Hún gaf þeim líka að smakka grænmeti „kartöflurnar eru svolítið vondar“. Þau segja að það sé gaman að hitta konurnar í Grasagarðinum (Auði og Hildi). Börnin í Laugaborg tala líka um Auði, hún og Hildur, „Hildur er

aðstoðarmaður“, hafi gert „undragöngin“ og „húsið“. Þær sögðu þeim líka hvernig ætti að rækta blóm, „það heita stjúpur og við erum búin að taka þau heim“, þær segja þeim líka reglurnar.

Börnin nefna ýmislegt annað áhugavert og skemmtilegt. Báðir hópar nefna að þau hafi fundið dauðan fugl og jarðað hann. Börnin í Laugaborg fundu fúlegg og grófu það en krakkarnir í Sunnuborg grófu það upp og brutu „og það kom mjög vond fýla“. Þau tíndu lauf og teiknuðu lauf, skoðuðu fuglana og báðir hópar tala af hrifningu um



drullupoll sem þeim fannst gaman að sulla í. Báðir hópar tala um Flóru og gullfiskana í pollinum en börnin í Sunnuborg sögðu að þau hafi fundið „músling“ í Flóru og það hafi líka verið „múslingar“ í Sunnuborg. Börnin í Sunnuborg sögðu að það væri meira pláss til að hlaupa og leika sér í Laugardalnum en í garðinum þeirra, í garðinum þeirra væri bara eitt tré sem mætti klifra í. Börnin í báðum leikskólunum tala um tré sem þau eiga í Laugardalnum.

Börnunum í Sunnuborg fannst gaman að hitta krakkana í Laugaborg, „þeir eru skemmtilegir og vinir okkar, Furðuland og Huldulækur þar sem vinir okkar í Laugaborg eru, við þekkjum nokkra“.

Börnin í Sunnuborg segjast eiga heimasvæðið ennþá og þau geti farið þangað þegar þau eru komin í Langholtsskóla. Börnin í Laugaborg segjast sakna vana sinna í Sunnuborg en þau séu hætt í Laugardalnum „þær segja það, en okkur langar – það er svo gaman“

Börnin í Laugaborg segjast stundum fara með pabba og mömmu í Laugardalinn.

Yngri börnin

Yngri börnin í Sunnuborg segja að það sé gaman að fara í gönguferðir og leika í Laugardalnum, þar tíni þau dót og máli og það sé gaman að hitta krakkana í Laugaborg. Þeim finnst gaman að leika á heimasvæðinu þar sem þau hlaupa, drullumalla og klifra í trjánum. Þeim finnst líka gaman að fara í Orminn og Þvottalaugarnar og leika þar.

Börnin í Laugaborg segja líka að það sé gaman að fara í Laugardalinn en það sé svolítið langt. Þeim finnst gaman að klifra og „leynistaðurinn“ er skemmtilegur, líka gaman að sjá gróðurhúsið. Annar hópurinn talaði um heimasvæðið, þar væri skemmtilegt að leika sér, þar sé hægt að drullumalla og það finnst þeim skemmtilegt. Börnin töluðu líka um göngin og húsið „sem einhver bjó til“ sem er skemmtilegt. Börnin í báðum leikskólunum segjast vera hætt að fara í

Laugardalinn eða fari minna núna, hins vegar segjast þau vilja halda áfram að fara í Laugardalinn þegar sumarið er búið. Börnin sögðu líka frá öðrum gönguferðum t.d. í



Húsdýragarðinn og Fjölskyldugarðinn. Börnunum finnst gaman að rannsaka og öll tala um tré sem þau eiga, Sunnuborg á tré sem heitir Ösp og þeim þykir voða vænt um það, börnin í Laugaborg sögðust líka eiga tré í Laugardalnum.

Niðurstöður

Öll börnin lýsa ánægju með að fara í Laugardalinn og þó eldri börnin í Sunnuborg tali um að þau séu stundum svolítið þreytt í fótunum þá virðist það ekki taka frá þeim gleðina af að vera í Laugardalnum.

Eldri börnin í báðum leikskólunum hafa greinilega mikla ánægju af að vera á heimasvæðinu sem þau eiga saman. Aðrir staðir sem þau tala um eru Þvottalaugarnar, Ormurinn og Grasagarðurinn. Öllum finnst þeim skemmtilegast að klifra, hlaupa, drullumalla og leika sér. Börnin hafa mikið dálæti á Auði í Grasagarðinum og virðast hafa upplifað samvistir við hana sérstaklega vel. Þetta kemur sérstaklega vel fram hjá börnunum í Sunnuborg.

Ýmislegt hafa börnin lært á þessum ferðum sínum, börnin í Laugaborg nefndu t.d. að þau hafi æft sig í að telja, en börnin í Sunnuborg spunnu ævintýri á sínu ferðalagi. Auður í Grasagarðinum kenndi þeim margt og upplifanir eins og dauðir fuglar og fúlegg kenna hverju barni eitthvað um lífið. Báðir hópar tala um að það hafi verið skemmtilegt að hitta vini sína frá hinum leikskólunum. Eldri börnin í Laugaborg segjast vera hætt að fara í Laugardalinn, en börnin í Sunnuborg ætla að halda áfram að heimsækja Laugardalinn þegar þau byrja í Langholtsskóla.



Yngri börnin segjast vilja fara aftur í Laugardalinn þegar sumarið er búið.

Samantekt

Útinám barna kemur ekki í stað hinnar daglegu útiveru í leikskólum, né hins hefðbundna hópstarfs innan veggja þeirra. Útinám gerir fjölbreytt starf leikskólanna enn fjölbreyttara og kemur til móts við mismunandi þarfir og námshæfileika barna. Verkefnið Leikið og lært í Laugardal sannfærði okkur um að markvisst útinám barna eigi rétt á sér í leikskólum.

Þátttaka barnanna veitti þeim gleði, tilbreytingu og aukið úthald. Þau fengu fjölbreyttari verkefni, aukna ábyrgð og sjóndeildarhringurinn víkkaði.

Útinámið gaf starfsmönnum tækifæri til að vinna á fjölbreyttari hátt og takast á við ögrandi verkefni.

Samstarf leikskólanna og samstarfið við Grasagarðinn gaf verkefninu enn meira



innihald og hjálpaði til við að byggja upp þekkingu sem nýst hefur.

Starfsmenn leikskólanna Laugaborgar og Sunnuborgar tóku þátt í verkefninu Leikið og lært í Laugardal af heilum hug. Jákvæðni, áhugi, gleði og dugnaður þeirra hafði áhrif á börnin, upplifun þeirra og þátttöku. Aldrei var talað um vont veður í ferðum, heldur talað um sérstaka heppni með veðrið á ferðadögum. Í þessu verkefni sannaðist að viðhorfin skipta miklu máli til að árangur náist.

Í leikskólunum Laugaborg og Sunnuborg er stefnt að því að halda útinámi sem föstum lið í starfinu.